

FUNDARGERÐ

Ársping Bridgesambands Íslands

DAGSETNING 3. maí 2026

ÞINGFULLTRÚAR 21 fulltrúi með gilt kjörbréf

1. Þingsetning

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri sambandsins, setti þingið.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Magnús Eiður Magnússon var kjörinn fundarstjóri og Matthías Imsland kjörinn fundarritari.

3. Kjörbréf

Kjörbréfum 21 þingfulltrúa var skilað inn.

4. Uppstillingarnefnd

Ákveðið var að fresta kjöri uppstillingarnefndar þar sem framboð höfðu borist í öll þau embætti sem kjósa þurfti um.

5. Skýrsla stjórnar

Matthías Imsland fór yfir skýrslu stjórnar. Fram kom að starfsárið hefði verið viðburðaríkt og krefjandi en jafnframt árangursríkt fyrir Bridgesamband Íslands. Stjórnin hefði unnið markvisst að því að styrkja stoðir starfseminnar, efla þjónustu við aðildarfélög og auka sýnileika bridge í samfélaginu. Áhersla hefði verið lögð á jafnvægi milli hefðbundins mótahalds og nýrra leiða til að ná til breiðari hóps iðkenda. Barna- og unglingastarf var áberandi á árinu og mikil áhersla lögð á það.

Mótahald var umfangsmikið og tókst almennt vel. Fjölmörg mót voru haldin að vanda og þátttaka var góð, þótt sveiflur sæjust milli móta.

Úrvalsdæildin gekk mjög vel og mikið áhorf var á útsendingar. Markmið mótsins, auk þess að bjóða upp á skemmtilegt mót sem leikmenn vilja taka þátt í, er að auka sýnileika bridge og efla áhuga spilara sem hafa takmarkaða reynslu.

Fræðslumál voru í forgangi hjá stjórninni. Boðið var upp á fjölbreytt námskeið fyrir byrjendur og lengra komna í Bridgeskólanum og haldið vikulegt bridgekvöld fyrir byrjendur.

Samstarf við skóla var jafnframt eflt með það að markmiði að kynna bridge fyrir yngri kynslóðum. Þá voru haldin opin hús hjá Bridgesambandinu þar sem börn og ungmenni gátu komið og kynnst íþróttinni.

Þrátt fyrir þessa viðleitni er ljóst að áfram þarf að leggja ríka áherslu á nýliðun. Magnús Eiður Magnússon hefur verið ráðinn til að hafa umsjón með nýliðun og skólabridge.

Fjárhagsstaða sambandsins er góð. Þó eru blikur á lofti, meðal annars vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á lyftu og loftræstikerfi. Reykjavíkurborg hefur hætt samstarfi vegna Bridgehátíðar og fasteignagjöld eru ekki lengur felld niður nema að hluta. Þá vantar töluvert upp á að styrkir frá fyrirtækjum séu eins miklir og æskilegt væri. Bridgespilarar voru hvattir til að aðstoða við að finna samstarfsaðila.

Stjórnin þakkaði öllum sem lagt hafa sitt af mörkum til starfsemi sambandsins. Án framlags sjálfbóðaliða, spilara og samstarfsaðila væri starfsemin ekki möguleg. Með áframhaldandi samstilltu átaki megi byggja upp enn öflugra bridgesamfélag.

ML-sveitinni og Sigmundi Stefánssyni var þakkað fyrir framlag þeirra til frábærlega heppnaðs Norðurlandamóts á Laugarvatni. Elínu Bjarnadóttur voru einnig færðar þakkir fyrir hennar framlag.

6. Skýrslur fastanefnda

Enginn formaður fastanefndar mætti á fundinn.

7. Ársreikningur

Matthías Imsland fór yfir ársreikning sambandsins. Reksturinn gengur vel, en jafnframt eru blikur á lofti varðandi framtíðina. Framundan er mögulegur kostnaður m.a. vegna lyftu og loftræstikerfis.

HAGNAÐUR	EIGIÐ FÉ	VAXTABERANDI SKULDIR
tæplega 5 m.kr.	141,9 m.kr.	Engar

8. Tillaga að lagabreytingu

Ein tillaga að lagabreytingu kom fram. Lagt var til að eftirfarandi ákvæði bættist við 2. gr. 1. kafla:

„Komi til slita á félaginu, hvort sem er með ákvörðun aðalfundar eða af öðrum lögmætum ástæðum, skulu allar eignir þess, að frádregnum skuldum og kostnaði vegna slita, renna óskiptar til grasrótarstarfs í bridge. Með grasrótarstarfi er átt við starfsemi sem rekin er í þágu almennings, án hagnaðarsjónarmiða, og styður við samfélagsleg verkefni og sjálfbóðaliðastarf í bridge. Aðalfundur skal, við ákvörðun um slit, tilnefna nánar hvaða aðili eða aðilar innan grasrótarstarfs skulu njóta eigna félagsins, í samræmi við markmið þess og anda.“

9. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar

Forseti

Anna Guðlaug Nielsen

Aðalmenn í stjórn

Hrannar Erlingsson
Gunnar Björn Helgason
Ólafur Sigmarsson
Guðný Guðjónsdóttir

Varamenn í stjórn

Dagbjört Hannesdóttir
Inda Hrönn Björnsdóttir

10. Kosning endurskoðanda

Guðlaugur R. Jóhannsson var kjörinn endurskoðandi.

11. Kosning skoðunarmanna reikninga

Aðalmenn

Sigurjón Harðarson
Ómar Olgeirsson

Varamenn

Birkir Jón Jónsson
Helga Helena Sturlaugsdóttir

12. Ákvörðun árgjalds

Bronsstigamót	230 kr.
Silfurstigamót	460 kr.

13. Önnur mál

Jón Hersir Elíasson fór yfir undirbúning opna flokksins fyrir Evrópumót.

Guðný færði Brynjari Níelssyni blóm sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem forseti þar sem stórt verkefni er fram undan hjá honum.

— Fundi slitið —